

Selfossi, 21. maí 2003

**104. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn
mánudaginn 19. maí 2003, kl. 16:30 að Austurvegi 56,
Selfossi.**

Mættir: Einar Njálsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Ólafur Áki Ragnarsson og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Róbert Jónsson, framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélags Suðurlands og Torfi Áskelsson og Karl Björnsson frá Kjötmjöli ehf.

Dagskrá:

1. Málefni Plastmótunar hf., sbr. erindi á 102. fundi, 2. apríl 2003, 4. mál.

Fyrir lágu ýmis gögn varðandi fyrirtækið, Róbert Jónsson, framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu málsins.

Samþykkt að fá Fannar Jónasson, viðskiptafræðing til að meta hugsanleg hlutafjárkaup í fyrirtækinu.

2. Málefni Kjötmjöls.

Fyrir lágu aðalfundargögn Kjötmjöls, vegna aðalfundar sem haldinn verður 21. maí nk., ásamt afritum af bréfum til landbúnaðarráðherra, umverfisráðherra og Byggðastofnunar. Karl Björnsson og Torfi Áskelsson gerðu grein fyrir stöðu fyrirtækisins og lögðu fram starfsáætlun fyrir árið 2003. Ljóst er að staða fyrirtækisins er slæm og nauðsynlegt að auka framlegð úr rekstri þess.

Karl lýsti yfir að hann mundi hætta í stjórn Kjötmjöls á aðalfundinum.

Samþykkt að fela Þorvarði Hjaltasyni, framkvæmdastjóra að fara með umboð Sorpstöðvarinnar á aðalfundi Kjötmjöls ehf.

Fundi slitið kl. 18:30

Einar Njálsson
Ágúst Ingi Ólafsson
Ólafur Ragnarsson
Þorvarður Hjaltason

